

STEFNA UM ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við fjárfestingar sem taka tillit til umhverfis, félags- og stjórnarháttanna.

Stefna þessi markar stefnu Lífeyrissjóðs bænda um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér.

GILDISSVIÐ

Stefna sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum á fyrst og fremst við um innlendar fjárfestingar sjóðsins í skráðum félögum þar sem hann fer með 2,5% eða hærra beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærra af heildareignum sjóðsins.

VIÐMIÐ

Almennt horfir sjóðurinn til lengri tíma í fjárfestingum sínum. Það er í samræmi við langtímaskuldbindingar sjóðsins sem fara saman við langtímasjónarmið um ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti í félögum sem hann fjárfestir í.

Stefnu þessa hefur sjóðurinn til hliðsjónar við einstakar fjárfestingaákvörðanir, eftirfylgni þeirra og við mótun fjárfestingarstefnu.

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum, sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað þar sem hún fer fram. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, "UN Global Compact", í fjárfestingum sínum.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Við mat á fjárfestingum sem falla undir stefnu þessa, fylgir sjóðurinn eftir stefnunni með því að kanna stefnu félaga með tilliti til fyrrgreindra viðmiða.

Almennt eru erlendar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfasjóðum frekar en einstökum erlendum félögum.

Við mat á rekstraraðila sjóða gerir sjóðurinn kröfu um að stefna þeirra í ábyrgum fjárfestingum sé könnuð og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar heildarmats við fjárfestingaákvörðun, þannig þarf stefna rekstraraðila um stefnu í ábyrgum fjárfestingum ekki að vera skilyrði fyrir fjárfestingu heldur hluti af heildarmati hennar.



Komi í ljós að félag sem fellur undir stefnu þessa verði uppvíst að fráviki á grundvelli fyrrgreindra viðmiða mun sjóðurinn beita sér fyrir því að félagið ráðist í viðeigandi úrbætur.

Við slíka ákvörðun er þó ávallt gætt yfstrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir sjóðsins og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.

Þannig samþykkt stefna á fundi stjórnar 23. nóvember 2022 og kemur í stað stefnu dags. 26. nóvember 2022.

Reykjavík, 23. nóvember 2022

STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS BÆNDA

Skúli Bjarnason, formaður stjórnar

Guðrún Lárusdóttir, varaformaður

Erna Bjarnadóttir

Guðbjörg Jónsdóttir

Örn Bergsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur K. Ólafs